

Nr. 32/1913.

Björn Kristjánsson og Björn
Sigurðsson fyrir hönd Lands-
bankans

gegn

Hinriki Jónssyni, Júlíusi Kr.
Einarssyni, Einari Jónssyni
og Guðbrandi Jónssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu hafa bankastjórnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans að fengnu uppreisnarleyfi áfrýjað til yfirdómsins uppboðsgjörð, er fram fór í Keflavík 20. júlí 1911 á húseign Guðbrandar Jónssonar, en á uppboðinu var húseignin, að undangengnu fjárnámi eftir kröfu Hinriks Jónssonar bakara í Keflavík, seld nefndum bakara, er síðan seldi hana Júlíusi Kr. Einarssyni, sem stefndur er í þessu máli. Krefjast áfrýjendur þess, að uppboðsgjörðin verði feld úr gildi og sala húseignarinnar þar með ónýtt, og að bankanum verði dæmdur allur af málinu leiðandi kostnaður fyrir yfirdómi. Af hálfu Júlíusar Kr. Einarssonar er þess krafist, að hin áfrýjaða uppboðsgjörð verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu hjá áfrýjendum.

En áfrýjunarstefnan hefir eigi verið birt Hinriki Jónssyni og hann hefir eigi sjálfur né neinn fyrir hans hönd komið í réttinn til andsvara í málinu. Samkvæmt N. L. 1—4—1 ber því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og verða áfrýjendur eftir kröfu stefnda Júlíusar Kr. Einarssonar að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendur Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans greiði stefnda Júlíusi Kr. Einarssyni 25 kr. í málskostnað, áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagði lagaaðför.

Mánudaginn 17. nóvembermán.

Nr. 21/1913.

Guðmundur Magnússon
gegn
Þórði Magnússyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur áfrýjandinn Guðmundur steinsmiður Magnússon í Reykjavík gegn stefnda Þórði Magnússyni í Brekkuholti sama staðar, út af eignarrétti að bænum Brekkuholti, sem áfrýjandi gerði tilkall til, en með dómi nefnds réttar 30. nóv. 1911 var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu og hinum skipaða málaflutningsmanni áfrýjanda ákveðið 20 kr. málaflutningskaup úr landssjóði, en málskostnaður að öðru leyti látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn að fengnu uppreisnarleyfi, dags. 25. marz þ. á., og gjafsóknarleyfi og skipuðum málaflutningsmanni, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 10. apríl þ. á. og endurtekið þær kröfur sínar fyrir bæjarþinginu, að stefndi verði dæmdur til að við-